

LÝÐRÆÐISSTEFNA GARÐABÆJAR – VIÐAUKI 1 LÖG OG REGLUGERÐIR ER VARÐA SAMRÁÐ

Stjórn sveitarfélaga skal vera í samræmi við gildandi lög og reglur um rekstur sveitarfélaga. Þá er samráð við íbúa einnig áskilinn í 10. kafla sveitarstjórnarlaga en sveitarfélög skulu leitast við að tryggja íbúum og þeim sem njóta þjónustu sveitarfélagsins möguleika til að taka þátt í og hafa áhrif á stjórn sveitarfélagsins og undirbúning stefnumótunar.

Ákvæði um samráð eru talin upp í ýmsum lögum og reglum í íslensku samfélagi.

- **Í lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla** eru ákvæði um samráð við foreldra og nemendur og um samráð innan viðkomandi skólasamfélags í skólaráðum og skólanefndum sveitarfélaga.
- **Í jafnréttislögum** er ákvæði um samráðsvettvang um jafnréttismál.
- **Í æskulýðslögum** er ákvæði um að sveitarstjórnir skuli hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð sem hafi það hlutverk að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar í málefnum ungs fólks í sveitarfélaginu.
- **Í lögum um málefni aldraðra** er að finna ákvæði um að í hverju sveitarfélagi skuli starfa öldungaráð.
- **Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga** er kveðið á um að samráð skuli haft við notendur félagsþjónustunnar og þannig verði þeir virkir þátttakendur í undirbúningi ákvarðana og stefnumörkunar.
- **Í skipulagslögum** eru gerðar ríkar kröfur um samráð við íbúa, notendur og hagsmunaaðila við gerð skipulagsáætlana.

Auk þess sem sveitarfélaginu ber að fylgja sveitarstjórnarlögum vill Garðabær leggja áherslu á aukin lýðræðisleg gildi í samráði við íbúa. Að stöðugt sé leitað leiða til að styðja við þá möguleika íbúa að hafa áhrif á fjölbreyttan hátt. Íbúar þurfa þá að hafa aðgang að gögnum sveitarfélagsins eins mikið og lög og reglugerðir heimila.